


Innöndunarlyf fyrir fullorðna

Lyf sem ætluð eru til innöndunar eru mest notuð af þeim sem eru með langvinna lungnateppu, astma og aðra sjúkdóma í öndunarferum. Lyfin eru undirstaðan í meðferð þessara sjúkdóma. Þau eru notuð bæði í fyrirbyggjandi tilgangi og sem meðferð við einkennum.



Mynd 1. Innöndunarlyf.

Lyfin hafa þann eiginleika að virka staðbundið í lungum. Til þess að þau gagnist sem best er mikilvægt að nota þau á réttan hátt svo að réttur skammtur berist til lungna.

Innöndunarlyf

Til eru margar tegundir af lyfjum og innöndunartækjum sem hafa ólíka eiginleika og mismunandi virkni (mynd 2).



Mynd 2. Nokkrar tegundir af innöndunarlyfjum.

Úðabelgur

Í einstaka tilfellum getur verið nauðsynlegt að nota úðabelg með innúðalyfjum (mynd 3).



Mynd 3. Úðabelgur.

Loftúði og loftúðavél

Til eru innöndunarlyf í fljótandi formi sem eru gefin í loftúða. Hægt er að nota þessa gerð af lyfjum í heimahúsi eða stofnunum með þar til gerðum innúðatækjum (mynd 4).



Mynd 4. Loftúði og loftúðavél.

Virgni og tegundir innöndunarlyfja

Berkjuvíkkandi skjótverkandi lyf

Þau virka með því að slaka á sléttum vöðvum í öndunarvegi og víkka út þröngar berkjur. Verkun lyfjanna kemur fram innan nokkurra mínútna en varir mislengi. Yfirleitt eru skjótverkandi lyfin notuð með langverkandi innöndunarlyfi eftir því hve sjúkdómurinn er á alvarlegu stigi. Skjótverkandi innöndunarlyf eru gefin við bráðum andþyngslum og fyrir áreynslu ef þörf krefur.

Berkjuvíkkandi langverkandi lyf

Þau virka með því að slaka á sléttum vöðvum í öndunarvegi og léttu öndun. Lyfin eru gefin í fyrirbyggjandi tilgangi. Verkunartími þeirra er mismunandi og fer eftir lyfjategund.

Bólgueyðandi innöndunarlyf

Bólgueyðandi lyf innihalda barkstera sem draga úr slímmyndun og koma í veg fyrir bólgu í öndunarvegi. Mismunandi er eftir tegundum hvort lyfið er gefið einu sinni eða tvisvar á sólahring. Full verkun er háð því að lyfið sé notað reglulega í langan tíma. Lyfið er notað reglulega sem fyrirbyggjandi meðferð.

Samsett lyf

Lyfin geta einnig verið samsett til dæmis blanda af langverkandi og stuttverkandi berkjuvíkkandi lyfjum með eða án barkstera. Þau innihalda tvö eða þrjú virk lyf. Þessi lyfjameðferð gagnast fólki með astma og langvinna lungnateppu vel og getur einfaldað meðferðina hjá þeim. Berkjuvíkkandi og bólgueyðandi lyf sem eru samsett komast betur til lungnanna og hafa því meiri áhrif.



Mynd 5. Eðlileg og bólgin berkja.

Undirbúningur fyrir notkun lyfjanna

Þar sem verkun lyfjanna er misjöfn er nauðsynlegt að lesa leiðbeiningar áður en lyfið er notað. Mikilvægt er að þekkja virkni lyfsins og hugsanlegar aukaverkanir. Ef þörf er á að gefa fleiri en eina lyfjategund þá er betra að nota sömu gerð af innöndunartæki fyrir bæði lyfin. Flestar tegundir lyfjanna fást bæði í duft formi eða sem innúðalyf (dreifa). Oftast er um að ræða reglubundna meðferð með langverkandi innöndunarlyfjum en skjótverkandi berkjuvíkkandi lyf má einnig nota eftir þörfum. Í sumum tilfellum eru lyfin gefin tímabundið, sérstaklega eftir bráð veikindi í öndunarfærum.

Einnig þarf val á innöndunartæki að miðast við færni hvers og eins, bæði með tilliti til sogkrafts og hæfni til að meðhöndla tækið sjálf. Fyrir notkun er nauðsynlegt að fá kennslu á innöndunartækið til að lyfið nái að hafa áhrif. Mikilvægt er að heilbrigðisstarfsmaður meti færmina og aðstoði ef þess þarf, til dæmis með með frekari kennslu og notkun æfingatækis.

Fyrir notkun lyfs

- Kannið fyrningartíma lyfs, ekki nota gömul lyf sem eru fyrnd
- Notið eingöngu þann skammt sem læknir hefur ráðlagt
- Lesið fylgiseðil lyfsins (gerð innúðatækis, innihald og möguleg ofnæmiseinkenni) og fylgið leiðbeiningum hvers tækis nákvæmlega
- Skoðið hvort nægilega margir skammtar eru eftir í tækinu. Athugið að í sumum tækjum hringlar áfram þó þau séu tóm

Innöndun lyfs

- Ef búíð er að opna fyrir lyfjaskammt þarf að nota hann strax
- Á mörgum gerðum innúðatækja eru loftgöt, athugið vel að halda ekki fyrir þau við innöndun lyfsins
- Margar tegundir eru til af innöndunartækjum sem virka á mismunandi hátt. Tæknin við notkun lyfjanna er í grundvallaratriðum sú sama þó tækin séu mismunandi. Mikilvægt er að kynna sér aðferðir við notkun þeirra eftir því sem við á hverju sinni

Grunntækni:

- Sitja í uppréttri stöðu og halla höfði aðeins aftur
- Anda rólega frá sér og tæma lungun
- Loka vörum þétt utan um munnstykki
- Anda djúpt að sér
- Halda niðri í sér andanum í 5-10 sekúndur
- Anda rólega frá sér fyrir utan tækið

Eftir notkun lyfs

Eftir notkun á innöndunarlyfjum sem innihalda barkstera er nauðsynlegt að skola munn með vatni, eða bursta tennur til að koma í veg fyrir aukaverkanir svo sem hæsi og sveppasykingu í munni.

MUNA AÐ
SKOLA MUNN
MEÐ VATNI,
EÐA BURSTA
TENNUR

Ef gleymist að taka inn lyfið þá takið sama skammt og venjulega næst, ekki taka tvöfaldan skammt

Þrif

- Munnstykkið er þrifið minnst vikulega með rökum klút og oftár eftir þörfum og einnig er gott að strjúka af því eftir hverja notkun. Ekki er mælt með því að hreinsa tækin með rennandi vatni
- Við notkun á úðabelg eða loftúðatæki þá þarf að fylgja leiðbeiningum um þrif frá framleiðanda

Geymsla og förgun

- Lesa leiðbeiningar með lyfjunum hvernig best er að geyma þau
- Fara með tóm lyfjahylki í apótek til förgunar

Frekari upplýsingar

Sérlyfjaskrá: <https://www.serlyfjaskra.is/>

Leitið aðstoðar hjá lækni ef:

- Endurskoða þarf notkun lyfs
- Grunur vaknar um ofnæmisviðbrögð

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
JANÚAR 2025
FRÆ-0752

ÁBYRGÐARMENN:
DEILDARSTJÓRI OG YFIRLÆKNIR
LUNGNAEILDAR
FRÆÐSLUEFNIÐ VAR YFIRLESIÐ
AF LUNGNASAMTÖKUNUM

HÖNNUN:
GRAFISKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA
MYNDIR:
PORKELL PORKELSSON
OG SHUTTERSTOCK.COM